



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
til heiðurs
forseta Þýskalands Johannes Rau
og frú Christina Rau
Reykjavík
1. júlí 2003**

Heiðraði forseti Þýskalands Johannes Rau
og frú Christina Rau
Virðulegu gestir

Þýskaland og Ísland. Böndin eru sterk. Ræturnar djúpar. Þúsund ára saga tengir okkur saman. Skáldskapur og kristni, fornar sögur og kvæði, fjársjóður sem enn er uppspretta nýrra verka.

Auðlegð Evrópu er umfram annað menningin, sígildar bókmenntir, tónlist og myndlist, heimspekileg hugsun og viljinn til góðra og göfugra verka, lögmálin um helgan rétt, hornsteina lýðræðis, stjórnskipunar sem hefur velferð allra að leiðarljósi.

Við gætum lengi kvölds yljað okkur við arineld liðinna alda, hlýtt á Wagner klæða Eddukvæðin í nýjan búning, hugsað til þýskra tónsmiða og sálmaskálda sem áttu ríka hlutdeild í siðaskiptum á Íslandi og kaupmanna sem færðu Íslendingum hina fyrstu lútersku kirkju, heyrt ljóð Heines í búningi íslenskra skálda sem ung helguðu sjálfstæðisbaráttunni krafta síns, numið nið umróts og byltinga sem færðu álfunni nýja sýn, þakkað Þýskalandi hvernig það fóstaraði rithöfunda okkar og listamenn á fyrstu áratugum síðustu aldar, lesið Nonna, Laxness og Gunnar Gunnarsson og rakið þýska slóð í verkum þeirra, lagt eyrun við tónlist Jóns Leifs og skynjað togstreituna sem fylgdi dvöl hans í Berlin og Leipzig, horft til allra átta í Reykjavík og einnig hér gegnum hin hvelfdu gler og séð hvernig arkitektar og verkfræðingar sem menntun sóttu til þýskra skóla hafa skapað við sundin lifandi borg.

Það er þéttur vefur sem ber vináttu okkar vitni og sérhver öld á þar sterka strengi, einnig sú sem nú er ung að árum.

Í heimsóknum mínum til nokkurra þýskra borga á nýliðnum vetri varð ég vitni að þeim skapandi áhuga og krafti sem nú ræður för í menningarlegum samskiptum landa okkar. Íslenskir söngvarar eru aúfúsugestir í óperuhúsum víða í Þýskalandi, íslenskir myndlistarmenn sækja innblástur í iðukastið sem einkennir listalíf hinnar fornfrægu höfuðborgar, íslenskir rithöfundar hafa að nýju eignast þúsundir lesenda í Þýskalandi, popptónlist ættuð úr Reykjavík tengir nýja kynslóð við eyjuna í norðri, kvikmyndir, ballett og leikrit eru árlegir viðburðir í samskiptum okkar. Og sífellt fjölgar þeim ferðalöngum sem hingað leggja leið sína frá Þýskalandi, góðir gestir sem sýna náttúru okkar og menningu lifandi áhuga.

Hið sama á við um viðskipti og samstarf á alþjóðavelli.

Við erum bandamenn innan NATO og höfum leitast við að finna Evrópu öryggiskerfi sem tekur mið af nýjum landvinningum lýðræðis í álfu okkar, sáttargjörð við hið stóra Rússland og traustum trúnaðarböndum við Bandaríkin.

Við höfum helgað Evrópuráðið baráttunni fyrir mannréttindum og í sameiningu leitast við að festa í sessi þá skipan sem setur einstaklingsfrelsi og félagslegt réttlæti í öndvegi.

Við tókum þátt í að þróa evrópskt efnahagslíf, fjármálakerfi og vinnumarkað á grundvelli samningsins sem EFTA-ríkin og Evrópusambandið gerðu á sínum tíma og nýlega var endurnýjaður í samræmi við fjölgun aðildarríkja. Við sækjum saman fram til aukinnar hagsældar Evrópubúa og Íslendingar hafa ætíð metið mikils liðsinni Þýskalands í þessum efnum, vitum að þar eigum við vísan traustan stuðning þegar á þarf að halda.

Þýskaland er eitt mikilvægasta markaðssvæði okkar Íslendinga þar sem hæst ber fiskinn, ál og nú síðast lyf. Þýskir bankar hafa veitt íslenskri útrás öflugt lið og gert íslenskum fyrirtækjum kleift að ná traustri fótfestu í Rússlandi, Búlgaríu og fleiri löndum. Íslensku flugfélögin Icelandair og Air Atlanta hafa sótt aukinn styrk til Þýskalands og á sviði orkumála erum við í sameiningu að skapa heiminum nýja sýn. Samvinna íslenskra og þýskra fyrirtækja í þróun vetnisbíla og umferðar sem byggð er á umhverfisvænni orkunotkun getur orðið öðrum löndum leiðarvísir að nýrri skipan borgarmála og dregið úr þeirri ógn sem mengunin skapar öllu lífi.

Viðskipti okkar hvíla á traustum grunni og fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur í áratugi flutt þýskar vörur á okkar heimamarkað, verið umsvifamikil á íslenskum vettvangi í krafti traustsins sem þau hafa notið í Þýskalandi.

Þó vildum við gjarnan sjá meira gert og hvetjum til aukinnar þátttöku Þjóðverja í nýsköpun og framþróun í efnahagslífi okkar Íslendinga.

Ég áréttá hér í kvöld þá áskorun sem ég flutti í viðræðum okkar í Berlín nú í maí að þýskra fjárfesta og fjármálafyrirtækja bíða fjölmörg tækifæri hér á landi. Þau fordæmi sem fyrirtæki frá Bandaríkjunum, Kanada og Sviss hafa sýnt, svo aðeins þrjú dæmi séu nefnd, ættu að verða þýskum vinum okkar hvatning til að láta meira að sér kveða í viðskiptalífi Íslendinga. Við getum einnig efnt til samstarfs sem skapað getur veruleg sóknarfæri á heimsmarkaði.

Ég veit virðulegi forseti að þér hafið mikinn áhuga á að svo geti orðið og heimsókn yðar nú er kærkomin vísbending um velvilja Þýskalands í okkar garð.

Við eigum fjölbreyttan efnivið til nýrra verka og samfylgd okkar á nýrri öld sækir þrótt í nán tengsl á fyrri tímum.

Saga Evrópu er okkar saga. Framtíð hennar okkar framtíð. Samfylgdin er orðin þúsund ára og varir vonandi enn í önnur þúsund.

Hin nýja veröld kallar á mikla ábyrgð og Þýskalandi er þar ætlað forystuhlutverk. Við metum mikils að eiga ykkur að vinapjód. Vonandi getur samvinna okkar og annarra ríkja stuðlað að því að gera heiminn betri, fært löndum frið í stað stríðs og ótta, tryggt jafnan rétt allra manna, gert gagnkvæma virðingu og alþjóðalög að grundvelli ákvarðana og athafna allra ríkja – gefið sameiginlegum stofnunum þjóða heims það vægi sem dugir til að skapa sátt.

Með slíka sýn á framtíðina fögnum við yður hér í kvöld og heiðrum um leið hvernig þér hafið á farsælum ferli reynst þessum hugsjónum trú.

Ég bið góða gesti að rísa á fætur lyfta glösum til heiðurs forseta Þýskalands Johannesi Rau og frú Christina Rau og til áréttingar hinni traustu vináttu þjóða okkar.